

Lögreglustjórafélag Íslands

Efnahags- og viðskiptanefnd
nefnasvið@althingi.is

Akureyri 20. júní 2024

Efni: Athugasemdir Lögreglustjórafélags Íslands við frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna launa þjóðkjörinna fulltrúa og embættismanna (hækkun launa), 1160. mál.

Með tölvupósti að kvöldi 19. júní sl. var Lögreglustjórafélagi Íslands boðið að koma á fund efnahags- og viðskiptanefndar að morgni 20. júní til að ræða framkomid frumvarp og er umsögn þessi rituð af því tilefni. Formaður sótti fundinn fyrir hönd félagsins. Athugasemdir þessar eru sendar fyrir hönd Lögreglustjórafélag Íslands og þeirra tíu lögreglustjóra sem lagabreytingin tekur til og tilheyrja félaginu.

1. Almennt

Lögreglustjórafélag Íslands lýsir andstöðu sinni við framkomid frumvarp og lýsir vonbrigðum með að nú í þriðja sinn skuli lögreglustjórar sæta inngrípum í laun sín með afar íþyngjandi hætti.

2. Sjálfstæði og óhæði

Ástæðan fyrir því að laun þessa hóps þ.e. lögreglustjóra, ákærvalds og dómstóla eru ákvörðuð með lögum er fyrst og fremst til að tryggja sjálfstæði og óhæði ákærvalds og dómstóla. Talið var öruggara að laun væru ákvörðuð með lögum og ekki væri hægt að hafa áhrif á þau líkt og væri með þá forstöðumenn sem taka laun á grundvelli samninga. Hið andstæða hefur nú komið í ljós. Alþingi hefur brugðist í því hlutverki að vernda sjálfstæði ákærvaldsins og tryggja stöðugleika í launum þessara hópa og hefur sýnt að það er engin trygging fólgin í því að launin séu ákveðin með lögum þar sem fyrirætlanir eru um að breyta lögum annað árið í röð. Áhyggjuefni er því að það verði frekar regla en undantekning að höfð séu bein afskipti af launakjörum sem gengur í berhogg við tilgang lagasetningarinnar 2019.

3. Aðgreining frá þjóðkjörnum fulltrúum

Það er að mati félagsins grundvallaratriði að greina á milli lögreglustjóra, ákærvalds og dómara annars vegar og þjóðkjörinna fulltrúa hins vegar. Þeir starfsmenn sem taka laun samkvæmt lögum um meðferð sakamála eiga ekkert sammerkt með æðstu ráðamönnum og þjóðkjörnum fulltrúum, sem bera pólitíska ábyrgð gagnvart kjósendum og hafa áhrif á efnahagsmál í gegnum störf sín. Þá geta þjóðkjörnir fulltrúar sent almenningi skilaboð með lagasetningu af pólitískum toga líkt og lögin sem hér eru rædd virðast eiga að gera. Starfsumhverfi þessara hópa er gjörólíkt. Skorað er á Alþingi að aðskilja þessa tvo hópa og undanskilja þá sem taka laun samkvæmt lögum um meðferð sakamála frá fyrirhugaðri lagabreytingu.

4. Þrískipting ríkisvalds

Að mati lögreglustjórafélagsins er vegið að sjálfstæði ákærvalds og dómstóla með lagabreytingunni þegar ráðherra leggur fram frumvarp nú á lokadögum þingsins án þess að ráðrúm hafi gefist til umræðu um það og ekkert samráð verið haft við fagfélög þessa hóps. Erlendar eftirlitsnefndir hafa gert athugasemdir um sjálfstæði þessara stofnana og að það sé ekki nægilega tryggt en sífelld inngríp í launasetningu með þessum hætti gefa þeim athugasemdum aukið vægi. Tryggja þarf að ráðamenn geti ekki haft bein áhrif á laun þessara aðila með einfaldri lagasetningu með hliðsjón af nauðsynlegu sjálfstæði lögreglustjóra í störfum sínum meðal annars sem ákærendur. Virða þarf þrískiptingu ríkisvaldsins og brýnt er að löggjafinn standi vörð um þessa grundvallarþætti réttarríkisins með því að koma í veg fyrir að framkvæmdavaldið geti fengið frumvarp um lægri launahækkanir samþykkt á Alþingi og það ítrekað.

Lögreglustjórafélag Íslands

5. Lögbundnar hækkunar ári á eftir öðrum

Við breytingu á launasetningu lögreglustjóra sem gerð var með lögum 2019 stóð til að tryggja að þessir hópar væru ekki leiðandi í launasetningu og átti að tryggja það með því að þeir nytu hækkana á sínum launum eftir á sem miðist við næstliðnar hækkunar ársins á undan. Hækkunin sem aðrir ríkisstarfsmenn fengu á síðasta ári átti að koma til framkvæmda fyrir þennan hóp nú. Í annað sinn í röð kemur alþingi hins vegar í veg fyrir launaþróun þessa hóps með lagasetningu. Á síðasta ári 2023 var hækkun þessa hóps bundin með lagasetningu við 2,5% sem hefði átt að vera samkvæmt lögum rúm 6% sem var meðaltalshækkun ársins 2022. Á þessu ári átti hækkunin að vera 8% sem er meðaltalshækkun ársins 2023 en lagt er til að því verði breytt með lagasetningu þannig að í staðinn komi flöt krónutöluhækkun sem ætti í reynd að endurspeglast í hækkun launa á árinu 2025.

6. Erfitt starfsumhverfi

Þá hefur þessi hópur hefur sætt ýmsum skerðingum og sem dæmi má nefna að hann á ekki rétt til styttingu vinnuvikunnar líkt og allir starfsmenn þessara stofnana sem gerir það að verkum að hann vinnur 24 dögum meira en aðrir á ári án þess að slíkt hafi verið metið til launa. Þá er ekki tekið tillit til þess að meira vinnumagn er undir hjá þessum hópi heldur en hjá öðrum sem þó hækkuðu um 8% á síðasta ári. Álag í störfum lögreglustjóra er gríðarlegt og starfsumhverfi með sólarhringsstarfsemi gríðarlega krefjandi. Hópurinn hefur engan samningsrétt og einu hækkunirnar sem hann býr við eru vísitöluhækkunar miðað við launaþróun annarra sem á að tryggja að launin haldi sér að verðgildi. Frumvarp þetta gengur í berhögg við þau lög sem Alþingi hefur þegar samþykkt um launakjör þessara hópa þegar það ætti að vera sjálfsgöð krafa að farið sé að gildandi lögum um laun lögreglustjóra, ákærvalds og dómara.

Undirmenn lögreglustjóra hækka allir í launum í samræmi við kjarasamninga og er svo komið að undirmenn eru nánast á sömu launum og lögreglustjórinn. Þessi inngríp þingsins í launaþróun lögreglustjóra er þannig að skaða eðlilega launasetningu innan embættanna.

7. Lokaorð

Lögreglustjórafélag Íslands lýsir vonbrigðum sínum með framkomið frumvarp og skorar á Alþingi að standa vörð um sjálfstæði ákærvaldsins í landinu og fara að gildandi lögum. Þá er mikilvægt að greina á milli þjóðkjörinna fulltrúa og annarra embættismanna sem taka laun samkvæmt lögum. Lögreglustjórafélag Íslands leggur til þá breytingu á frumvarpinu að það taki ekki til þeirra sem þiggja laun samkvæmt lögum um meðferð sakamála.

Lögreglustjórafélag Ísland lýsir sig mótfallið frumvarpinu er varðar aðra en þjóðkjörna fulltrúa.

Virðingarfyllt,

Páley Borgþórsdóttir,
formaður Lögreglustjórafélags Íslands.